



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

BA verkefni í myndlist

Greinargerð

Róbert Risto Hlynsson Cedergren

BA verkefni í myndlist – greinargerð og ritgerð

Leiðbeinandi: Ólafur Sveinn Gíslason

Listaháskóli Íslands

Myndlistardeild

Vorönn 2021



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Sjálfsmynd úr sjálfum mér

Róbert Risto Hlynsson Cedergren

BA verkefni í myndlist – greinargerð

**Leiðbeinendur BA verkefnis: Hekla Dögg Jónsdóttir, Ólöf Nordal og Páll Haukur
Björnsson,**

Leiðbeinandi greinargerðar: Ólafur Sveinn Gíslason

Listaháskóli Íslands

Myndlistardeild

Vorönn 2021

Greinargerð þessi fjallar stuttlega um 16 eininga lokaverkefni til BA-gráðu í myndlist við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita greinargerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Sjálfsmynd úr sjálfum mér

Á útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands í myndlist standa innst inni austan megin í portinu í Hafnarhúsinu sjö stöplar.¹ Þeir halla allir í samsíða línu um þrjátíu gráðu halla, með eins metra bili frá hvor öðrum, þannig að samanlögð lengd seríunnar er níu metrar.¹ Stöplarnir eru hvítir eins og rýmið,² nema rýmið hefur veðrast með aldrinum. Rýmið er á mörkum þess að vera í niðurníðslu þar sem þetta er útisvæði, og loftið er tjald sem hangir í hálf-boga á álstöngum. Þar sem verkið er í eiginlegu úti-rými, eða undir risa tjaldi, er það fljótt að taka á sig aðra mynd út frá veðri. Þegar það rignir til dæms eða er éljagangur, þá heyrir maður dropana klappa á tjaldinu svo það bergmálar um rýmið, og svo leka þeir við skúlptúrana þar sem ein rennan hefur ryðgað og það hefur myndast við hliðina lækur sem lekur að niðurfallinu. Á öllum stöplunum eru gler kassar og inn í þeim eru verkin. Framsetningin er öll eins, stöplarnir og glerkassarnir og bilin á milli þeirra eru jöfn, en innihaldið er ólíkt. Fimm af skúlptúrunum er haldið uppi af afar glansandi króm-lituðum stál sívalningum, sem eru um tíu millimetrar á breidd og tíu sentimetrar á hæð, svo að þeir standi.³ Annars eru hinir tveir skúlptúranna liggjandi.⁴ Glerkassarnir eru fremur illa gerðir, en annars er allt annað frekar vel gert og glerkassarnir eru allir í samræmi við hvon annan.⁵

Í glerkössunum eru fígúrir sem ég bjó til úr saurnum mínum. Þær minna mig smá á verkið *Fields* eftir Antony Gormley,⁶ þar sem hann fyllti sýningarrými af tugum þúsunda lítilla leirfígúra. Fígúrunar í *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*⁷ minna á piparkökukalla eða stjörnufiska en eins og titillinn gefur til kynna þá eru þetta sjálfsmyndir búnar til úr mér.

Sjálfsmyndirnar mínar eru tvíbakaðar og svo eru fimm af þeim einnig pússaðar. Það hafa margir myndlistarmenn unnið með sjálfan sig sem efnivið, t.d. Rembrandt með sjálfsmyndir sínar⁸ og Marc Quinn sem hefur gert andlitsmyndir af sjálfum sér úr eigin

¹ Sjá mynd 1 í viðauka, Róbert Risto Hlynsson, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands, Hafnarhús, Listasafn Reykjavíkur, 15. – 24. maí 2021.

² Sjá mynd 2 í viðauka, Róbert Risto Hlynsson, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, 2021.

³ Sjá mynd 2 í viðauka, Róbert Risto Hlynsson, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, 2021.

⁴ Sjá mynd 2 í viðauka, Róbert Risto Hlynsson, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, 2021.

⁵ Sjá mynd 2 í viðauka, Róbert Risto Hlynsson, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, 2021.

⁶ Antony Gormley, *Fields*, 2012, 200,000 leir skúlptúrar. Sjá mynd 6 í viðauka.

⁷ Sjá mynd 2 í viðauka, Róbert Risto Hlynsson, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, 2021.

⁸ Rembrandt, *Self-portrait at the age of 63*, 1669, málverk. National Gallery, London. Sjá mynd 7 í viðauka.

blóði.⁹ Uppsetningin á verkinu er öguð og þar af leiðandi eru verkin stílhrein. Það er lykt af verkinu en rýmið er lyktarlaust þar sem kassarnir eru lokaðir og kúkurinn þurrkaður. Þar sem hann er þurrkaður getur hann ekki sprungið eins og gerðist við verkið *Tikk Takk* (1998) eftir Ólaf Árna Ólafsson og Libiu Perez de Siles de Castro. Verkið þeirra var krukka full af líkamsvessum í suðurglugga Kirkjuhússins við Laugarveg og hugsanlega sprakk krukkan vegna þess það myndaðist metangas.¹⁰ Þar sem verkið og efniviðurinn einkennist af agaðri framsetningu, þá dettur fólk ekki í hug að þetta sé kúkur heldur fremur einhvers konar minjar. Sumir héldu að efniviðurinn væri brons, aðrir leir, hraun eða viður.

Verkið er að öllu leiti skítalist (e. *scat art*) sem er myndlist sem vinnur með viðfangsefnið kúkur. Verkið er alfarið kúkur úr mér. Ég heillast af því að vinna með efnivið úr sjálfum mér, sem tengist óneitanlega verkinu *Artist shit* eftir Pierro Mansoni.¹¹ Í því tiltæka verki setti Mansoni kúkin sinn í niðursuðu dós og var hann að kanna hvar mörkin milli þess að vera listamaður að framleiða eitthvað og að vera manneskja að framleiða eitthvað. Það er einnig sterk tilvísun í verkið *Karnickelköttelkarnickel* eftir Dieter Roth, þar sem hann bjó til stytta af kanínu úr kanínukúk,¹² líkindin eru þau að ég er mannskepna að gera stytur af manneskju úr mannakúk.

Það er rödd inn í mér, hún hræðir mig. Ég veit ekki hvað það er en eitt er víst að mannskepnan hræddist hluti sem hún skilur ekki. Ég vildi nota tækifærið með þessu verki að sleppa tauminni, bíða og hlusta á hvað graumar að innan og sjá hvert það leiddi mig, ég var í sjálfum mér. Verkið hræddi suma líkt eins og röddin innan í mér en það var ekkert að örvænta því heilbrigðis ráðuneyti Reykjavíkur var búið að sannvotta það.

⁹ Marc Quinn, *Self*, 1991, skúlptúr úr blóði. Sjá mynd 8 í viðauka.

¹⁰ Kristinn H. Guðnason, „Vessa- og hægðasprengja í Kirkjuhúsi,“ *DV*, sunnudagur 23. september 2018. Sótt 9. maí 2021 af: <https://www.dv.is/fokus/timavelin/2018/09/23/timavelin-nessa-og-haegdasprengja-kirkjuhusi/>

¹¹ Piero Manzoni, *Artist shit*, 1961, kúkur í niðursöðudós. Sjá mynd 9 í viðauka.

¹² Dieter Roth, *Bunny-dropping-bunny (Karnickelköttelkarnickel)*, 1968, skúlptúr úr kanínukúk. Sjá mynd 10 í viðauka.

Heimildir

Kristlín Dís Ingilínardóttir. „Tvíbakaður kúkur í hafnarhúsinu frekar kúl að geta selt sinn eigin kúk.“ *Fréttablaðið*, (föstudagur 21. maí 2021). Sótt 24. maí 2021 af <https://www.frettabladid.is/lifid/tvibakadur-kukur-i-hafnarhusinu-frekar-kul-ad-geta-selt-sinn-eigin-kuk/>

Kristinn H. Guðnason. „Vessa- og hægðasprengr í Kirkjuhúsi.“ *DV*, (sunnudagur 23. september 2018). Sótt 9. maí 2021 af <https://www.dv.is/fokus/timavelin/2018/09/23/timavelin-vessa-og-haegdasprengja-kirkjuhusi/>

Viðauki

Mynd 1



Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, 2021, kúkur, stöplar og gler.

Mynd 2



Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, 2021, kúkur, stöplar og gler.

Mynd 3



Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Sjálfmynd úr sjálfum mér*, 2021, kúkur, stöplar og gler.

Mynd 4



Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Sjálfmynd úr sjálfum mér*, 2021, kúkur, stöplar og gler.

Mynd 5




Róbert Risto Hlynsson Cedergren, *Sjálfsmynd úr sjálfum mér*, 2021, kúkur, stöplar og gler.

Mynd 6



Antony Gormley, *Fields*, 2012, 200,000 leir skúlptúrar.

Mynd 7



Rembrandt, *Self-portrait at the age of 63*, 1669, málverk. National Gallery , London

Mynd 8



Marc Quinn, *Self*, 1991, skúlpúr úr blóði.

Mynd 9



Piero Manzoni, Artist shit, 1961, kúkur í niðursöðudós.

Mynd 10



Dieter Roth, *Bunny-dropping-bunny* (*Karnickelköttelkarnickel*), 1968, skúlpúr úr kanínukúk.